



Kópavogur, 18. júní 2026

Efni: Tillaga um lengingu opnunartíma sundlauga Kópavogs

Lögð er fyrir bæjarstjórn Kópavogs eftirfarandi tillaga:

Lagt er til að opnunartími sundlauga Kópavogs verði lengdur að kvöldi til þannig að opnunartími verði eftirfarandi:

Sumartími (1. maí til 30. september)

Mánudaga til fimmtudaga: kl. 06.30 til 22.00

Föstudaga: kl. 06:30-23:00

Laugardaga: kl. 08:00-23:00

Sunnudaga kl. 08.00 til 22:00

Vetrartími (1. október til 30. apríl)

Mánudaga til föstudaga: kl. 06.30 til 22.00

Laugar- og sunnudaga: kl. 08.00 til 22.00

Nýr opnunartími taki gildi 1. júlí 2026.

Greinargerð:

Það hefur lengi verið ákall meðal bæjarbúa Kópavogs að lengja opnunartíma sundlauga, en laugarnar loka í dag kl. 18 um helgar að vetrarlagi og kl. 20 á sumrin. Rökin fyrir því að lengja opnunartíma eru margþætt. Það stuðlar að bættri lýðheilsu bæjarbúa á öllum aldurshópum og bættri samfélagsvitund, enda staður þar sem fólk hittist og á samverustundir saman utan vinnu eða heimilis. Jafnframt eru sundlaugar órjúfanlegur hluti af íslenskum menningararfi, en sundlaugamenning Íslendinga var tekin upp á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf í desember síðastliðnum.

Lagt er til að sundlaugar bæjarins loki kl. 22.00 alla daga ársins og kl. 23.00 á föstudögum og laugardögum á sumrin. Lengdur opnunartími á föstu- og laugardögum á sumrin þykir sérstakt sóknarfæri, enda sá tími árs þar sem bjartast er og best veður. Sérstaklega er litið til þess að með lengdum opnunartíma á þessum dögum sé ungmennum bæjarins boðinn kostur á heilsusömum samverustað, fjarri snjalltækjum og næturlífi, þegar aðrir kostir eru af skornum skammti og skipulagt skólastarf liggur niðri.

Í nýafstaðinni kosningabaráttu var full samstaða meðal allra framboða um að lengja opnunartíma sundlauga í Kópavogi. Jafnframt er að finna í nýkynntum málefnasamningi meirihlutans í Kópavogi áform um að gera slíkt hið sama.

Í ljósi þeirrar miklu samstöðu sem ríkir meðal fulltrúa í bæjarstjórn Kópavogs og í ljósi þess að um tiltölulega einfalt mál er að ræða sem enn hefur ekki verið sett á dagskrá bæjarstjórnar, telja undirrituð að bæjarstjórn sé ekkert að vanbúnaði til að framkvæma málið og klára það sem fyrst, svo bæjarbúar fái breytingarinnar notið sem lengst. Sér í lagi telja undirrituð að til mikils sé að vinna að samþykkja umrædda breytingu fyrir sumarfrí bæjarstjórnar, svo bæjarbúar geti fjölgað gæðastundum í framúrskarandi sundlaugum bæjarins strax í sumar.

Jónas Már Torfason
bæjarfulltrúi Samfylkingar

Eydís Inga Valsdóttir
bæjarfulltrúi Samfylkingar
